

18
15. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistryk.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Skrár yfir gjaldskylda til ellistryktarsjóðs skulu samdar fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert og liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. mars. Karufrestur skal vera til 15. apríl og skrárnar sendar hlutaðeigandi innheimtunummi fyrir 15. maí ár hvert.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

19
15. júní

LÖG

um

kynbætur hesta.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta tvævetra og eldri ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.